



Fjölskyldu ART

ART

ART stendur fyrir *Aggression Replacement Training* og er fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Módelið er byggt á ýmsum stefnum og straumum úr sálfræði til dæmis atferlismótun. ART var þróað í Bandaríkjunum af Arnold P. Goldstein, Barry Glick og John C. Gibbs.

Í ART er félgsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund þátttakenda þjálfuð. Með því að vinna með þessa þrjá þætti samhliða næst betri og varanlegri árangur heldur en ef aðeins væri unnið með einn þátt í einu. Þessir þættir eru meðal annars þjálfaðir með sýnikennslu, hlutverkaleik, jákvæðri styrkingu, æfingum og umræðum.

ART Teymið á Suðurlandi

ART teymið hefur verið starfandi á suðurlandi frá árinu 2007. Hjá teyminu starfa þrír starfsmenn með umfangsmikla þekkingu og reynslu af meðferðarmálum. Starfsmenn teymisins sjá um fjölskylduART, halda námskeið og veita ráðgjöf og handleiðslu til skóla, félagsþjónustu og foreldra.

Starfsemi teymisins skiptist í tvo hluta sem styðja við hvorn annan. Annars vegar er það meðferðarstarfið og hins vegar forvarnarstarf sem fer fram í skólum.

Starfsmenn teymisins eru:

Sigríður Þorsteinsdóttir ART þjálfari og Grunnskólakennari. Sigríður hefur réttindi til að þjálfa ART kennara og er verkefnastjóri.

sigridur@isart.is - s. 860-0427

Gunnar Þór Gunnarsson er ART þjálfari og félagsráðgjafi.

gunnar@isart.is - s. 860-0426

Katrín Þrastardóttir er ART þjálfari og sálfræði BS.

katrin@isart.is - 860-0428

Fjölskyldu ART

Hægt er að sækja um meðferð hjá ART teymi fyrir börn með hegðunar-, tilfinninga eða geðraskanir. Umsóknir eru teknar fyrir af inntökuráði í maí og í desember. Meðferðin er kölluð Fjölskyldu ART og fara af stað nýjir hópar í janúar og september ár hvert.

Í fjölskyldu ART gefst foreldrum tækifæri á að verða ART þjálfarar barna sinna. Um er að ræða 12 skipta námskeið, sem nær yfir tvær annir, þar sem fjölskyldan hittir teymið tíu sinnum á fyrri önninni og tvisvar sinnum á seinni önninni. Foreldrum eru kenndar leiðir til þess að ná jákvæðum aga og eiga árangursrík og góð samskipti á heimilinu. Á þessum tíma veitir teymið einnig persónulega ráðgjöf og einstaklingsþjálfun fyrir börn sé þess óskað.

ART þjálfun á vettvangi

Forvarnarstarf teymisins felst í því að halda námskeið fyrir starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, heilbrigðisþjónustu, skólaþjónustu og félagsþjónustu og önnur kerfi. Á slíkum námskeiðum öðlast þátttakendur færni til þess að nota ART módelið með nemendum sínum og/eða skjólstæðingum. Þátttakendur sækja fyrst þriggja daga námskeið hjá teyminu. Að því búnu setja þeir af stað 12 vikna ART prógramm á sinni starfsstöð. Teymið veitir handleiðslu og ráðgjöf á þessu tímabili og heimsækir þátttakendur. Þegar þátttakendur hafa lokið við 12 vikur í ART og skilað tilskildum gögnum til teymisins ljúka þeir námskeiðinu með réttindum til að starfa sem ART þjálfarar.

Eins og áður segir byggir ART á þjálfun félagsfærni, sjálfsstjórnar og siðferðisvitundar. Á tímabilinu skal ART kennt þrisvar sinnum í viku, einn tími fyrir hvern lið. Að 12 vikum loknum er æskilegt að haldið sé áfram með ART þjálfun vikulega.

ART teymið á Suðurlandi
Austurvegi 56, 800 Selfoss
s. 480-8200 / 860-0427